



Alþingi 10.6.2015

Málsnr.: 1505119

Málalykill: 0.34.5

770.mál

Nokkrir punktar vegna Suðurbryggju Sandgerðishafnar Tekið saman 10.06.2015

Með þessum punktum fylgja tvö fylgiskjöl:

- Umsókn Sandgerðisbæjar vegna samgönguáætlunar dagsett 06.11.2014.
- Minnisblað frá Vegagerðinni dags. 24.02.2015 vegna ástandskoðunar Suðurbryggjunnar í Sandgerðishöfn.

Sótt um vegna tærðra stálþila.

Það hefur legið fyrir í nokkur ár að Suðurbryggjan í Sandgerðishöfn þarfnast mikils viðhalds vegna tæringar stálþila, sem leiðir til þess að fylling lekur út sem síðan veikir þekju. Á þetta er bent í umsókn Sandgerðisbæjar vegna samgönguáætlunar sem er dagsett 06.11.2014 og fylgir hér með. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Stálþil suðurbryggju hefur látið verulega á sjá vegna tæringar og eru m.a. komin stór göt í þilið þar sem efni flæðir út. Þilið er orðið u.þ.b. 35 ára gamalt. Þekjan ofan á bryggjunni er farin að síga umtalsvert og vatnslagnir farnar að aflagst. Um er að ræða fremsta hluta bryggjunnar eða ca. 60m kafla sitt hvoru megin auk endans sem er ca. 30m.

Þekjan ofan á bryggjunni er farin að síga umtalsvert og vatnslagnir farnar að aflagst. Um er að ræða fremsta hluta bryggjunnar eða ca. 60m kafla sitt hvoru megin auk endans sem er ca. 30m.

Minnisblað Vegagerðarinnar vegna Suðurbryggjunnar í febrúar 2015.

Hafnarsvið Vegagerðarinnar vann minnisblað dagsett 24.02.2015 vegna ástandskoðunnar Suðurbryggjunnar og þar kemur fram að varanleg lagfæring á bryggjunni er að reka nýtt stálþil fram við það gamla og festa það við stög gömlu bryggjunnar. Brjóta þurfi upp og fjarlægja gömlu þekjuna, skipta um lagnir og steypa síðan nýja þekju. Jafnframt kemur fram að áætlaður kostnaður við endurnýjun fremri hluta bryggjunnar, þ.e. 144 m. af stálþili með þekju og lögnum sé um 400 milljónir króna með virðisaukaskatti. Jafnframt kemur fram í minnisblaðinu að takmarka þurfi umferð um bryggjuna verði ekki gripið til varanlegra lagfæringa. Þetta minnisblað frá 24.02.2015 fylgir hér með sem fylgiskjal.

Suðurbryggjan fer inn á tillögu að samgönguáætlun 2015-2018.

Það var síðan 09.04.2015 sem Sandgerðisbæ barst tölvupóstur frá Guðmundi Helgasyni f.h. Vegagerðarinnar þar sem tilkynnt var um að í tillögu að samgönguáætlun 2015-2018 væri gert ráð fyrir verkinu „Endurbygging Suðurbryggju, stálþil (145 m.)“ á árinu 2018 og væru 97 milljónir króna ætlaðar í verkið og að hlutur Sandgerðisbæjar vegna þessa yrði kr. 19,6 milljónir króna. Málið var tekið fyrir á fundi hafnarráðs Sandgerðisbæjar 16.04.2015 þar sem ráðið gerði eftirfarandi bókun:

Hafnarráð samþykkir að endurbygging stálþils Suðurbryggju verði sett á samgönguáætlun 2015-2018 í samræmi við erindi Vegagerðarinnar frá 09.04.2015 og felur hafnarstjórnar að ganga frá erindi til Vegagerðarinnar þess efnis. Hafnarráð vill þó benda á að upphæði sem gert er ráð fyrir í verkið er ekki nema fjórðungur af þeim kostnaði sem kemur fram að verkið kosti í minnisblaði Vegagerðarinnar frá 24.02.2015.

Var þessi afgreiðsla hafnarráðs síðan staðfest bæði í bæjarráði 28.04.2018 og á fundi bæjarstjórnar 05.05.2015.

Mikilvæg höfn en erfið fjárhagsstaða.

Það er mikilvægt að benda á tvennt. Annars vegar að mikilvægi Sandgerðishafnar er ekki bara fyrir Sandgerðinga heldur öll Suðurnesin og í raun landið allt. Þetta má m.a. sjá í samþykktu svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 þar sem fram kemur að Sandgerðishöfn og Grindavíkurhöfn eru skilgreindar sem einu fiskihafnirnar á svæðinu. Hins vegar verður að benda á að fjárhagsstaða Sandgerðisbæjar hefur verið þröng síðustu ár. Unnið hefur verið markvist í fjármálum sveitarfélagsins í samræmi við samkomulag við ráðherra sveitarstjórnarmála með það að markmiði að sveitarfélagið standist fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga innan þess tímaramma sem gefinn er. Þessi fjárhagslega staða heftir mjög svigrúm Sandgerðisbæjar til fjárfestingar. Þó er rétt að halda því til haga að endurskipulagning rekstrar og skulda sveitarfélagsins hefur verið árangursrík og enginn ástæða til ætla annað en að rekstrarjafnvæði verði náð á árinu 2017 og skuldaviðmiðum náð árið 2019 í samræmi við áætlanir eins og kemur skýrt fram í ársreikningum Sandgerðisbæjar fyrir árið 2014 sem eru aðgengilegir á heimasíðu sveitarfélagsins.

Grípa verður til aðgerða sem fyrst.

Af ofangreindu og þeim fylgigögnum sem hér fylgja má vera ljóst að það er rík þörf til að grípa til aðgerða sem fyrst vegna nauðsynlegs viðhalds á þili Suðurbryggjunnar í Sandgerðishöfn. Því er mikilvægt að verkið sé inni á samgönguáætlun. Hjá Sandgerðisbæ er vilji til þess að fara í verkefnið en það verður ekki gert án aðkomu ríkisins enda ekki fjárhagslegir burðir til þess að sveitarfélagið standi að verkefninu eitt.

*Ólafur Þór Ólafsson
forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar
og starfandi bæjarstjóri*

Minnisblað

Til: Sandgerðishöfn

Frá: Vegagerðin hafnarvið, JPS/SÁG.

Dags: 24.02.2015

Varðar: Suðurbryggja, ástandsskoðun.

Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. ástandsskoðaði og þykktarmældi stálpilið á Suðurbryggju þann 3. nóvember 2014.

Gerð bryggju og aldur:

Suðurbryggja var byggð í tveim áföngum. Fyrri áfanginn sem er 60 m langur var byggður á árunum 1978-1980 og seinni áfanginn sem er 40 m langur á árunum 1984-1986.

Bryggjan liggur hornrétt út frá landi með viðlega á báða vegu.

Heildarlengd bryggju er 100 m og er heildar lengd stálþils sem um liggur hana 224 m. Hún gerð úr 10 mm þykkum stálþilsplötum með 6,0 – 6,5 m viðlegudýpi. Lengstu stálþilsplöturnar eru 13,3 m og rekstrardýpið er 2,0 m. Á bryggjunni er steypur kantur, raflagnir, vatnslagnir og steypþekja.

Bryggjan er hönnuð fyrir alla almenna notkun og er hún nú í fullri notkunn fyrir löndun og útskipun. Bryggjan er gerð fyrir hámarksálag 2 tonn/m².




Ástand bryggju:

Kafað var með þilinu að norðanverðu og við gafl og það þykktarmælt með 5 m millibili. Einnig voru skráð göt sem eru komin á það. Það er ljóst að elsti hluti þils er gegnumtærður. Tæring er eftir endilöngum kantinum á ca. 100 cm kafla kringum lægstu mögulegu fjöru.


Stálþilið er í sæmilegu ástandi ofan við og neðan við tæringa svæðin. Þykktarmælingar sýna að þykkt stálþilsins er frá tæpum 10 mm sem er nálægt framleiðslu þykkt þilsins niður í ekki neitt. Ef tekið er meðaltal af þykktarmælingum í kóta 0,0 m þá er meðalþykkt þilsins þar um 2,0 mm.

Á bryggjunni hafa víða myndast göt vegna tæringa, einnig er rifa á þilinu við gafl eftir ásiglingu. Eitthvað af fyllingarefnum hefur skolast út um göt á þilinu. Þekjan er hönnuð með halla frá miðju að sitt hvorum bryggju kantinum. Fyllingin undir þekjunni hefur sigð og þekjan með, þannig að hún vatnslosar sig ekki lengur og stór pollur myndast sitt hvor megin við miðju. Vatnið sem situr í slakkanum vill fúlna og lífrænn úrgangur úldnar. Mikil vinna hjá hafnarvörðum fer í að þrifa upp úr pollunum. Á vetrum verður mjög hált á bryggjunni þegar frýs í pollum. Einnig er ljós að næst kanti er holrými undir þekjunni. Gera hefur þurft við vatnlagnir á tveim stöðum þar sem þær hafa rofnað við sig á fyllingu.

Steyptur kantur og pollar eru í ágætu ásigkomulagi. Björgunarstigir eru mjög lélegir, neðsta þrepið er ónýtt í þeim öllum. Björgunarstigir bryggjunnar uppfylla ekki lengur öryggiskröfur.



Rifa hefur myndast á þilið, fínefni úr fyllingu skolast út



Vatn safnast í polla á bryggjunni.



Tæringargat á útbaki stálþilsplötu

Burðarhæfi stálþils:

Fyllingin innan við þilið hefur væntanlega þakast með tímanum og hvílir ekki eins þungt á þilinu og í upphafi. Utanaðkomandi atburður eins og t.d jarðskjálfti gæti komið hreyfingu á fyllinguna þannig að hún leggist með fullum þunga á þilið og þá er hætt við að það gefi sig. Burðarhæfi polla hefur ekki minnkað og þola þeir álag vegna viðlegu skipa í vindi jafn vel og áður.

Ljóst er út frá mælingu þils að burðargetan er mjög skert og ef tekið er mið af meðalþykkt er burðargetan aðeins um 20% af upprunalegum styrk þilsins sem ekki er fullnægjandi. Notkun bryggjunnar verður að takmarkast við léttu umferð á þeim svæðum þar sem þilið er mest tært.

Lagt er til að engin þungaumferð verði nær bryggjuköntum en 5m og gildir það um fremstu 60 metrana. Lagt er til að setja upp viðvörunarmerki og mála gula lína meðfram bryggju.

Úrbætur :

Köfunarþjónusta Sigurðar býðst til að gera við skemmdir á stálþilinu með því að rafsjóða járnplötur yfir götin og ryðverja það síðan með zinkskautum. Kostirnir við þessa aðgerð er að komið er í veg fyrir frekari tæringu og útskolun á fyllingarefnum stöðvast.

Ókostirnir við þessa aðgerð er að burðarhæfi þilsins eykst ekki. Viðgerðin endurheimtir aldrei fyrri styrk þilsins, eingöngu er hægt að líta á aðgerðina sem fyrirbyggjandi fyrir frekari tæringu og útskolun. Takmarka þarf eftir sem áður álag á henni þar sem þilið er lélegast.

Varanleg lagfæring á bryggjunni er að reka nýtt stálþil framan við það gamla og festa það við stög gömlu bryggjunnar. Brjóta þarf upp og fjarlægja gömlu þekjuna, skipta um lagnir og steypa síðan nýja þekju.

Áætlaður kostnaður við endurnýjun á fremri hlutanum þ.e. 144 m af stálþili með þekju og lögnum er um 400 millj. kr. m/vsk. Þar af er framlag Gert er ráð fyrir að dýpi við bryggju haldist óbeytt og núverandi stög séu nýtt. Ef það breytist eykst kostnaður. Sprengja þarf skurð fyrir þili. Verktími er rúmt ár.

Ritað JÞS.

Vegagerðin Borgartúni 5-7 105 Reykjavík	SAMGÖNGUÁÆTLUN 2015 - 2018 UMSÓKN UM FRAMLAG	Höfn/svf.: Sandgerðisbær
		Útfyllt af: Jón Ben Einarsson
		Dags: 06.11.2014

Ár	Verkefni	Stutt lýsing á verkefnum (helstu stærðir) og markmiðum framkvæmda
2015	Hafnarframkvæmdir: Suðurbryggja – viðhald/viðgerð þils	Stálþil suðurbryggju hefur látið verulega á sjá vegna tæringar og eru m.a. komin stór göt í þilið þar sem efni flæðir út. Þilið er orðið u.þ.b. 35 ára gamalt. Þekjan ofan á bryggjunni er farin að síga umtalsvert og vatnslagnir farnar að aflagst. Um er að ræða fremsta hluta bryggjunnar eða ca. 60m kafla sitt hvoru megin auk endans sem er ca. 30m.
	Hafnarframkvæmdir: Norðurgarður – dýpkun	Nauðsynlegt er að ráðast í dýpkun í botni Norðurgarðs undir löndunarkrönum eða ca. 20m út frá bryggjunni á 60-80m kafla. Tveir löndunarkranar eru á þessu svæði sem ná ekki orðið að þjónusta nema allra minnstu smábátana og því hamlar núv. dýpt á þessu svæði verulega rekstri hafnarinnar.
2016	Sjóvarnir: Suðurgarður	Grjótvörn á ysta legg Suðurgarðs (er í áætlun 2013-16).
	Sjóvarnir: Norðurkotstjörn	Endurbýggja og styrkja vörn við æðarvarp (300m – 2.200 m ³ - er í áætlun 2013-16).
	Sjóvarnir: Eyktarhólmi – Hólkot, sunnan Setbergs.	Styrkja malarkamb til að draga úr flóðahættu í tún og tjarnir (100m – 1.500 m ³ – er í áætlun 2013-16).
	Sjóvarnir: Sunnan Hvalsnestorfu við Hrossatjörn	Byggja upp kambrof milli sjávar og tjamar (100m – 1.500 m ³ - er í áætlun 2013-16).
2017	Hafnarframkvæmdir: Suðurbryggja – endurbýgging þekju.	Þekjan ofan á bryggjunni er farin að síga umtalsvert og vatnslagnir farnar að aflagst. Um er að ræða fremsta hluta bryggjunnar eða ca. 60m kafla sitt hvoru megin auk endans sem er ca. 30m.
2018	Hafnarframkvæmdir: Suðurbryggja – endurbýgging þils.	Stálþil suðurbryggju hefur látið verulega á sjá vegna tæringar og eru m.a. komin stór göt í þilið þar sem efni flæðir út. Þilið er orðið u.þ.b. 35 ára gamalt.

